



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

15. september 2011

37. tbl. · 28. árg.




Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
Sími: 456 3995
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17



Ævintýrið í Simbahöllinni

Fyrir nokkrum árum keyptu Wouter Van Hoeymissen og Janne Kristensen Sigmundarbúð á Þingeyri fyrir 2500 krónur. Húsið hefur nú gengið í endurnýjun lífdaga undir nafninu Simbahöllin og þykir geyma einn fallegasta kaffistað landsins. En Wouter og Janne eru með fleira á þrjónunum. Í miðopnu tala þau um flutningana til Íslands, ferðamannaíðnaðinn og bera lífið í þorpinu saman við það sem þau eru vön úr borgum Evrópu.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi

Jafna aðstöðumun tónlistarnema

Innanríkisráðherra hefur gefið út reglur um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda. Reglurnar eru settar á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. maí um eflingu tónlistarnáms og

jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Samkomulagið gildir frá 1. júlí 2011 til 31. ágúst 2013. Samkvæmt því greiðir ríkissjóður á ársgrundvelli 480 milljónir króna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem annast úthlutunir framlaga til sveitarfélaga. Á


móti skuldbinda sveitarfélögin sig til að taka tímabundið yfir ný verkefni frá ríki sem nema 230 milljónum króna á ársgrundvelli.

Forsaga málsins er sú að í vor undirrituðu fulltrúar ríkis og sveitarfélaga samkomulag um eflingu tónlistarnáms og jöfnun

á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Helstu markmið samkomulagsins eru að efla tónlistarnám með aðkomu ríkissjóðs að kennslukostnaði í viðurkenndum tónlistarskólum og að gera nemendum kleift að stunda hljóðfæranám á framhaldsstigi og söng-

nám óháð búsetu.

Á grundvelli samkomulagsins er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga heimilt að uppfylltum sérstökum skilyrðum að koma að kennslukostnaði sveitarfélaga vegna nemenda sem stunda nám á grunnstigi í söng og hljóðfæraleik og á miðstigi í hljóðfæragreinum utan síns sveitarfélags vegna framhaldsskólanáms.



Jón Sigfússon, framkvæmdastjóri R&G og Daníel Jakobssyni bæjarstjóri við undirritun samningsins.

Rannsaka líðan ungmenna

Ísafjarðarbær og Rannsóknir & greining ehf. hafa gert með sér samning um rannsóknir á högum og líðan ungs fólks í grunnskólum Ísafjarðarbæjar og Menntaskólanum á Ísafirði. Samningurinn tekur m.a. til rannsókna á

vímuefnaneyslu í efstu bekkjum grunnskólanna og rannsókna á högum og líðan barna í 5.-7. bekk. Þá tekur samningurinn einnig til rannsókna á vímuefnaneyslu, högum og líðan ungmenna í Menntaskólanum á Ísafirði.

Rannsóknirnar verða unnar á árunum 2011-2013. Samningur þessa efnis var undirritaður af Daníel Jakobssyni bæjarstjóra og Jóni Sigfússyni, framkvæmdastjóra R&G, í síðustu viku. Rannsóknir & greining er rannsóknar-

miðstöð sem sérhæfir sig í rannsóknum á ungu fólki á Íslandi og erlendis og leiðir rannsóknaverkefni á þeim vettvangi. Í gagnagrunni miðstöðvarinnar er nú þegar að finna upplýsingar um hagi og líðan ungs fólks til ársins 1992.

Meirihluti nemenda sáttir við vöxt sinn

Nær 44% stúlkna í 7. bekk Grunnskóla Ísafjarðarbæjar finnst þær vera frekar eða alltof feitar. Þá þótti 21% drengja í 6. bekk þeir vera of feitir og 5% stúlkna. 13% drengja í 5. bekk voru sama sinnis og 8% stúlkna. Þetta er meðal niðurstaðna í könnun á högum og líðan nemenda í 5.-7. bekk sem Rannsóknir & greining framkvæmdi fyrir Ísafjarðarbæ í febrúar.

Mikill meirihluti nemenda fannst þeir vera passlegir eða 84% stúlkna í 6. og 5. bekk og um 70% drengja í bekkjunum þremur voru sáttir við vöxt sinn. Þá þótti 17% drengja í 5. bekk þeir vera frekar eða alltof mjóir og 8% stúlkna, 8% stráka í 6. bekk og 11% stúlkna og 13% drengja í 7. bekk og 6% stúlkna.

Þá var hlutfall 5. og 7. bekkina sem sögðu að nokkrum, fáum eða engum krökkum í bekknum fyndist þeir skemmtilegir þó nokkru hærra en landsmeðaltalið. Þessu svöruðu játandi 51% drengja og 50% stúlkna í 5. bekk og 50% stráka og 39% stúlkna í 7. bekk. Í 6. bekk samsinntu þessu 35% drengja og 39% stúlkna.

17% nemenda hafa orðið ölvaðir

Nær 4% nemenda í 8. bekk í Ísafjarðarbæ sögðust hafa reykt daglega á síðasta ári en þeim hafði fækkað niður í 2% í ár. Þetta kemur fram í könnun sem lögð var fyrir alla nemendur í 8.-10. bekk á Íslandi síðustu tvö skólaár. Er hlutfall 8. bekkina sem reykja í Ísafjarðarbæ nokkuð hærra en landsmeðaltalið en nemendur í 9. og 10. bekk sem sögðust reykja daglega voru und-

ir meðaltali. Sömuleiðis var hlutfall nemenda í 8. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar um ævina yfir landsmeðaltali en árið 2010 svöruðu 18% þessu játandi og 8% í ár. Í ár sögðust 17% 9. bekkina hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar um ævina en landsmeðaltalið er 12%. 4% þeirra sögðust hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar síðustu 30 daga þegar könnunin var gerð.

Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar síðustu 30 daga var 4%.

Mun færri 10. bekkina svöruðu þessu játandi eða 4%. Þá sögðust 2% 8. bekkina og sama hlutfall 9. bekkina hafa notað hass eða maríjúana um ævina en það er undir landsmeðaltali. Á síðasta ári sögðust 2% nemenda í 10. bekk hafa notað amfetamín um ævina en enginn í ár. Hins

vegar var hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa sniffað (t.d. lím) einu sinni eða oftar um ævina yfir landsmeðaltali eða 4% nemenda. Þá sögðust 4% nemenda í 9. bekk hafa prófað munntóbak og 2% neftóbak einu sinni eða oftar síðustu 30 daga þegar könnunin var gerð. Þessu svöruðu játandi 2% nemenda í 8. bekk en enginn í 10. bekk.

Könnunin var lögð fyrir nem-

endur í febrúar. Framkvæmd og úrvinnsla rannsóknarinnar var á vegum Rannsókna & greiningar í Háskólanum í Reykjavík. Í ár fengust samtals gild svör frá 10,621 nemendum í 8.-10. bekk, og var því heildarsvarhlutfall á landsvísi um 86%. Árið 2011 svöruðu 153 nemendur í 8. – 10. bekk í Ísafjarðarbæ. Allir grunnskólar í Ísafjarðarbæ tóku þátt í könnuninni. – thelma@bb.is

Samkaup

úrval

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 15. - 18. september

samkaupurval.is

30%
afsláttur

~~498~~

349 kr/kg

Svínaskankar

úr kjötbörði eða pakkaðir ferskir

25%
afsláttur

~~798~~

599 kr/kg

Svínahakk

úr kjötbörði eða pakkað ferskt

25%
afsláttur

Svínabógur **599** kr/kg

úr kjötbörði eða pakkaður ferskur verð áður 798 kr/kg



50%
afsláttur

Sveppir 250g 449 kr/pk

verð áður 898 kr/pk



Ávaxtasafi frá Coop 1l 199 kr/stk



Góð kaup!

~~119~~

99 kr/stk

Borðsalt
staukur, 750g

Tilboð!
Döðlur 250g 199 kr/pk
Rúsínur 1kg 499 kr/pk
Sveskjur 250g 295 kr/pk
holtt og gott í skólann!




Staðsetning áhorfenda- stúku á Torfnesi samþykkt

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi sem gerir ráð fyrir að vegleg áhorfendastúka fyrir rúmlega 800 manns verði byggð fyrir ofan Torfnesvöll á Ísafirði. Tillaga að breyttu deiliskipulagi var samþykkt með öllum atkvæðum bæjarfulltrúa en fulltrúar í-listans ítrekuðu í fundarbókun að ekki væri verið að skuldbinda bæjarfélagið til að leggja fram fjármagn til byggingarinnar, þó að stúkan væri samþykkt í skipulagi. Samkvæmt greinargerð með tillögu að deiliskipulagsbreytingunni skal hæsta brún stúkubaksins ekki vera hærri en 11 metrar yfir jarðhæð og ekki yfir götuhæð Seljalandsvegur ofan byggingareits. Sniðmyndir sem fylgdu tillögunni sýndu tvö mismunandi dæmi um áhorfendastúkur. Er tekið fram í fundarbókun að deiliskipulagstillagan sé samþykkt með þeim breytingum að lágreistari byggingin, sem kynnt var, verði heimiluð á svæðinu. Talið er að sú bygging skerði ekki útsýni yfir Pollinn á Ísafirði.

Þá skal mannvirkið felld að landinu eins vel og kostur er, án þess að skerða nýtingarmögleikana, en æskilegt er að nýta landhallann til þess. Jafnframt er æskilegt að nýta trjágróður ofan við mannvirkið til að milda ásyndina en þó án þess að hann skerði útsýni frá Seljalandsvegi. Ráðgjert er að ljúka framkvæmdum við stúkuna á næsta sumri. Þá er uppi sú hugmynd að undir stúkunni verði lögleg keppnis- og æfingaaðstaða fyrir skotíþróttamenn, þar sem hægt verður að æfa og keppa í skotfimi á 25 og 50 metra færi.

Stjórn KSÍ hefur samþykkt 10 milljóna króna styrk í verkið á þessu ári og standa vonir til að aðrar 10 milljónir fáiast á næsta ári. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 60 milljónir og hefur eignarhaldsfélagið ST2011 óskað eftir



Tvær sniðmyndir sem fylgja deiliskipulagsstillögunni.

20 milljóna króna framlagi frá Ísafjarðarbæ sem greiðist á fjórum árum. Þær 20 milljónir sem upp á vantar hafa velunnarar Hér-

aðssambands Vestfjarða, BÍ 88 og Skotís heitið að fjármagna með sjálfboðavinnu og fjárstyrkjum. Engin afstaða hefur

verið tekin til fjárframlaga frá bænum, en telja má líklegt að verði til umræðu við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2012.

Eyrin, viðskiptasetur lögð niður

Eyrin, viðskiptasetur á Ísafirði, hefur verið lögð niður. Hjá Eyrinni, sem var til húsa í Vestra húsinu við Árnagötu, gátu einstaklingar nýtt sér aðstöðu og fengið aðstoð sérfræðinga við vinnslu á viðskiptahugmyndum. Eyrin var samstarfsverkefni Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, Háskólasets Vestfjarða og Vinnumarkaðsráðs Vestfjarða og var styrkt af Vaxtarsamningi Vestfjarða og Pennanum. Að sögn Örnú Láru Jónsdóttur, verkefnastjóra hjá Impru á Ísafirði, var samstarfsverkefnið til tveggja ára og sá tími er liðinn. Ekki þótti ástæða

til að halda áfram með verkefnið. „Við hjá Impru höfum að sjálf-sögðu ennþá opið og veitum áfram aðstoð og handleiðslu til einstaklinga sem huga að frumkvöðlastarfi,“ segir Arna Lára.

Mikið er af frumkvöðlum á Vestfjörðum og segir Arna Lára að fólk komi reglulega til Impru til að ræða hugmyndir af verkefnum. „Það voru mörg fyrirtæki sem fengu styrk úr Atvinnusköpun í sjávarbyggðum. Það er ágætis vísbending um að það sé heilmikið að gerast hér á Vestfjörðum. Þau verkefni sem fengu styrki eru flest komin vel af stað,“ segir Arna Lára.



„Að öðru leyti gengur allt samkvæmt áætlun hjá okkur. Við erum að fara af stað með Sóknarbraut í haust.

Sóknarbraut er námskeið í gerð viðskiptaáætlana og er þetta í annað sinn sem við höldum námskeiðið á Ísafirði en það hefur verið haldið bæði á Patrækisfirði og á Hólmarvík. Ég á von á því að það komi heilmargar hugmyndir eftir námskeiðið, eins og vaninn er,“ segir Arna Lára.

— asta@bb.is

7,7 ársverk við skráningarverkefni

Rúmlega 13,638 vinnustundir eða 7,7 ársverk voru unnin á Ísafirði í tengslum við skráningarverkefni Þjóðskjalasafnsins sem komið var á, á árunum 2008-2010. Verkefnin voru hluti af mót-vægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna minnkunar þorskvótans. Samtals voru greiddar rúmlega 36 milljónir í verkefnið á Ísafirði. Rúmlega 31 milljón fór í laun, tæplega 5 milljónir í flutninga

og rúmlega 250 þúsund í ferðakostnað. Þetta kemur fram í skýrslu Þjóðskjalasafnsins um verkefnið. Frá því er greint í skýrslunni að starfsmennirnir sem unnu við verkið, hafi verið nokkuð ánægðir með það og gáfu því einkunina 4,4 af 5 mögulegum.

Í bréfi sem Eiríkur G. Guðmundsson, settur Þjóðskjalavörður, sendi Daníel Jakobssyni

bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, kemur fram að skráningarverkefnin hafi verið farsæl og tekist hafi að ná þeim markmiðum sem var stefnt var að í öllum meginatriðum. Með verkefninu tókst að bæta aðbúnað skjala, skráningu þeirra og aðgengi fólks að mikilvægum heimildum svo um munar.

Verkefninu lauk í árslok 2010 en Bæjar- og héraðsbókasafnið á Ísafirði og Héraðsskjalasafn Ísa-

fjarðarbæjar munu hefjast handa að nýju við skjalaflokkun og skráningu á haustdögum. Um er að ræða 4,6 stöðugildi, 2,6 við skráningu fyrir Þjóðskjalasafn Íslands og tvö stöðugildi við flokkun og skráningu skjala á vegum Ísafjarðarbæjar. Verkefnið að þessu sinni er fjarvinnsla, það er að segja ekki verða send skjöl vestur eins og í fyrri verkefnum heldur er um innsláttarvinnu að ræða.

Listatíma- rit í smíðum

Nýstofnað Félag vestfirskra listamanna, FVL, vinnur að útgáfu að listatímariti. „Króinn hefur fengið nafnið List á Vestfjörðum og verður í blaðinu fjallað um hina fjölbreyttu og öfluglu list á svæðinu sem hún sannarlega er. Allar listir verða í aðalhlutverki myndlist, leiklist, tónlist og allt þar á milli. Hin vestfirski listaflóra er sannarlega blómleg og kröftug,“ segir á bloggsíðu Elfars Loga Hannessonar, eins stjórnarmanna félagsins. Stefnt er að því að tímaritið List á Vestfjörðum komi út í lok október og verði dreift inn á hvert heimili á Vestfjörðum og víðar um landsbyggðina.

„Tilgangur blaðsins er fyrst og fremst að kynna vestfirsku listamenn sem og listalífið vestra almennt. Sérstök áhersla verður lögð á listahátíðirnar en það má teljast nokkuð skondið að fjórar slíkar eru haldnar árlega hér vestra og allar eru þær meðal flottustu listahátíða landsins,“ segir Elfar Logi. Félag vestfirskra listamanna var sett á stofn í vor á Listamannapingi Vestfjarða á Ísafirði. Einungis dögum seinna höfðu yfir hundrað manns hafa skráð sig í félagið.

— thelma@bb.is

Eyfi á ferð um Vestfirði

Tónlistarmaðurinn ástæli Eyjólfur Kristjánsson (Eyfi) er í tónleikaferð um Vestfirði. Eyfi varð fimmtugur í apríl og af því tilefni hélt hann í mikla tónleikaferð um landið og áætlað að spila á fimmtíu tónleikum áður en yfir lýkur. Til þessa hefur hann haldið þrenna tónleika í fjórðungnum og á morgun, föstudag, heldur hann tónleika á Hótel Ísafirði. Á tónleikunum sem hefjast kl. 22, verður annar tónlistarmaður, Jón Ólafsson, sérstakur gestur.

Á tónleikunum fer Eyfi yfir ferilinn og spjallar á léttum nótum við tónleikagesti og öll hans lög s.s. Álfheiður Björk, Nína, Ég lifi í draumi, Kannski er ástin, Danska lagið, Góða ferð og fleiri munu hljóma á tónleikunum. Þetta er í fyrsta sinn sem Eyfi fer í tónleikaferð um landið og er til efs að nokkur íslenskur tónlistarmaður hafi farið í svo víðamikla tónleikaferð.

Miðaverð á tónleikunum á Hótel Ísafirði er kr. 2.500.-.



NÝTT KORTATÍMABÍL



COCOA PUFFS
690 GRAMMA PAKKI



GOTT Í HÁDEGINU
JUMBÓSAMLOKA + 330ML FERSKUR
ÁVAXTASAFI FLORIDANA EÐA TRÓPÍ
359 KRÓNUR



CHEERIOS
518 GRAMMA PAKKI



Neutral þvottaefni 1,9 kg



GOUDAOSTUR 26%
300 KR. LÆGRA VERÐ
998 KR. KG.
VERÐ ÁÐUR: 1298 KR. KG



NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA OG RAUÐAR



400 GRÖMM GRÍMS-
PLOKKFISKUR



STEIKTAR FISKBOLLUR



TRÓPÍ 1 LTR.



FRÁ ARGENTÍNU
NÝ FERSK LÍFRÆN EPLI



BÓNUS RÚGBRAUÐS-
KUBBUR 500 GRÖMM



EUROSHOPPER NÚÐLUR

Góður tilbúinn matur fyrir 3-4

998 KR. BAKKINN

PARF AÐEINS AÐ HITA!



EUROSHOPPER FROSNAR
KJÚKLINGABRINGUR



AKURSEL LÍFRÆNAR
GULRÆTUR

Jákvæð skref í þorskeldinu

„Við erum að sjá ýmis jákvæð skref í þorskeldinu og því er hægt að tala um framfarir. Hins vegar spila mjög margir þættir inn í árangur í þessari grein, s.s. fóðrun, kynbætur, sjúkdómar, markaðsmál, vöruþróun og fleira,“ segir Kristján Jóakimsson, vinnslu- og markaðsstjóri Hraðfrystihússins Gunnvarar hf., í Hnífsdal á vefsíðu Mátis, en HG hefur notið góðs af starfsstöð Mátis á Ísafirði undanfarin ár, fyrst og fremst hvað varðar vinnslu- og eðlistengd verkefni. Kristján segir að HG hafi unnið með Mátis að þróun á nýjum vinnsluaðferðum, vinnslutækni og þróun nýrra afurða. Í þorskeldinu hafi HG nýtt bæði þekkingu og aðstöðu Mátis á Ísafirði.

Megináherslur í starfi Mátis á Ísafirði er þróun vinnsluferla í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu og almenn tækniráðgjöf fyrir formi hönnunar og tæknivinnu. Þá hefur Mátis lagt áherslu á fiskeldi, einkum þorskeldi í sjó. Að sögn Kristjáns skiptir staðsetningin starfstöðvarinnar höfuðmáli. „Boðleiðirnar eru styttri og árangurinn skilar sér betur. Nálægðin gerir það að verkum að nýir fletir og nýjar hugmyndir koma fram,“ segir Kristján.

Spurningin

Kvíðir þú skammdegini?

Alls svöruðu 495.
Já sögðu 87 eða 18%
Nei sögðu 408 eða 82%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag: Sunnan og suðvestan 5-13 m/s. Þurr og bjart veður NA- og A-lands, annars skýjað og dálítill væta. **Horfur á föstudag:** Suðlæg átt og rigning, en þurr á NA-landi. Hiti breytist lítið. **Horfur á laugardag:** Útlit fyrir fremur vætusamt og milt veður um land allt. **Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir fremur vætusamt og milt veður um land allt.



Frá sumarhúabyggðinni í Tungudal.

Deiliskipulag enn ekki samþykkt fyrir Tungudal

Deiliskipulag fyrir sumarhúabyggð í Tungudal og í Dagverðardal í Skutulsfirði er enn í um-sögn hjá Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun. Rúmlega hálft ár er síðan deiliskipulagið var sent til Skipulagsstofnunar. „Deiliskipulagið var sent til Skipulagsstofnunar í byrjun mars og það var í kjölfarið sent til Umhverfisstofnunar til umfjöllunar. Þar tafaðist málið verulega. En við fáum vonandi lokasvar frá þeim í þessari viku. Við sóttum um undanþágu fyrir lóð-

irnar en þær uppfylla ekki kröfur nýrrar skipulagsreglugerðar vegna þess hve litlar þær eru,“ segir Jóhann Birkir Helgason, bæjar-tæknifræðingur Ísafjarðarbæjar. Sumarhúabyggðin í Tungudal hefur verið aðal sumarhúabyggð Ísfirðinga og mikið er sótt eftir lóðum á svæðinu.

Ísafjarðarbær óskaði eftir því árið 2004 að sumarhúabyggðin yrði stækkuð en því var hafnað hjá Skipulagsstofnun á grundvelli snjóflóðahættu. Árið 1994 féll snjóflóð á sumarhúabyggð-

ina og eyðilagði 40 sumarhús á svæðinu. Eigendur sumarhúsa sem eyðilögðust í snjóflóðinu fengu ákveðinn frest frá Ísafjarðarbæ til að endurbyggja húsin en bærinn tók yfir þær lóðir sem ekki var byggt á að nýju. Því verða sex lóðir til ráðstöfunar í Tungudal ef deiliskipulagið verður samþykkt.

Nokkrar deilur voru um skipulagið í upphafi en Skógarbær, félag sumarhúsaeygenda í Tungudal, var mótfallið því að sælu-reitir yrðu byggðir á svæðinu.

Búið er að breyta þeim áformum og segir Jóhann Birkir að sátt sé komin um skipulagið. Sex lóðir verða til úthlutunar í Dagverðardal ef skipulagið verður samþykkt, en búið er að gera ráð fyrir fleiri lóðum á svæðinu þó þær séu ekki tilbúnar til úthlutunar.

Jóhann Birkir býst við að lóðirnar í Tungudal verði auglýstar fljótlega eftir að deiliskipulagið verður samþykkt en aðeins ein umsókn um lóð í Dagverðardal bíður afgreiðslu. — *asta@bb.is*

Ritstjórnargrein

Hnefann í borðið!

Á fundi sem haldinn var á Ísafirði í apríl kváðust bæði forsætis- og fjármálaráðherra vilja fullvissa Vestfirðinga um að stjórnvöld hefðu ekki gleymt þeim. Og vissulega hefur sitthvað gengið eftir af þeim fyrirheitum sem þá voru gefin, þótt öllum sé ljóst að þar var ekki um neina framtíðarlausn að ræða. Eftir sem áður er horfst í augu við stóru viðfangsefni: orkuskortinn á Vestfjörðum og vegakerfið, sem haldið hefur íbúum suðurhluta fjórðungsins í samgöngulegu fangelsi í áraraðir, svo vitnað sé til ummæla fyrrum samgönguráðherra. Á þessum tíma vöknudó vonir um að úr myndi rætast í vegamálum, fyrirheit voru gefin um samráðsvettvang heimamanna og samgöngufyrirvalda til lausnar á deilumáli um framtíðarlegu vegarins á sunnanverðum Vestfjörðum. Ítrekaðar yfirlýsingar samgönguráðherra um ómurlegt ástand vega á þessum slóðum vöktu vonir. Ummæli hans um að sönnunarbýrðin, hvað val á vegstæði varðar, lægi hjá þeim sem ekki vilja fara ódýrustu leiðina, eins og hann orðaði það, ollu þó efa.

Skammt er síðan samgönguráðherra átti fund með tuttugu manna nefnd, samráðsvettvangnum. Einn fyrirlesara á fundinum, Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri, varpaði fram þeirri spurningu hvort taka eigi tré og fugla fram yfir lífsmöguleika byggðarinnar á Vestfjörðum? „Hægt er að bjarga Vestfjörðum en það er dýrt og eru menn tilbúnir til þess? Ef menn vilja bjarga byggðinni er forgangsatriðið að stytta leiðina (heim og að heiman) sem mest. Og það

munar um hvern kílómetra sem hægt er að stytta.“ Og hann bætti við að þetta yrði að gerast eins hratt og unnt væri, menn hefðu ekki langan tíma.

Eftir að hafa sumarlangt legið undir feldi fékk samgönguráðherra vitrun. Þvert á nær eindregnar óskir heimamanna, tillögur Vegagerðarinnar og lagafrumvarp nokkurra þingmanna NV-kjördæmis, valdi ráðherrann svokallaða leið D, sem þýðir að vegurinn skal áfram liggja hina illfæru leið yfir Hjallaháls og Ódrjúgsháls. Óbreyttur vegur! Íbúum á sunnanverðum Vestfjörðum er ætlað áfram að hirst í „samgöngulegu fangelsi.“ Afdráttarlaust hefur ráðherrann gefið það svar við spurningu Þórodds Bjarnasonar, að taka eigi tré og fugla fram yfir lífsmöguleika byggðar! (Fagur þykir fugl á grein, þótt fáir augum líti.) Viðhengið við yfirlýsinguna, um að skoða beri möguleika á göngum undir Hjallaháls (e.t.v. um miðja öldina?) er vægt til orða tekið ekki boðlegt af hálfu ráðherra. Kemur ráðherranum til hugar að Vestfirðingar sætti sig við vita gagnlausa vegalagningu, líkt og boðið er upp á, í stað varanlegrar lausnar, þótt eilítið síðar kæmi?

Ákvörðun samgönguráðherra er í engu samræmi við yfirlýsingar hans um þörf á úrbótum í samgöngumálum á Vestfjörðum. Nú verða Vestfirðingar að snúa bókum saman og setja hnefann í borðið. Koma í veg fyrir að fjöreggið, sem hent hefur verið á loft, brotni.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is*. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is*. Ásta María Sverrisdóttir, sími 824 0644, *asta@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**



Brandugla um borð í Valbírni ÍS. Mynd: Finnbjörn Elíasson.

Brandugla sníkir sér far

Brandugla sníkti sér far hjá Valbírni ÍS í síðustu viku er hann var að rækjuveiðum við Öxarfjörð út af Norðausturlandi. En það var ekki einungis áhöfnin á Valbírni ÍS sem fékk að njóta samvistar við ugluna heldur flakkaði hún á milli togarana sem voru við rækjuveiðar á svæðinu.

Samkvæmt upplýsingum af fuglavef Námsgagnastofnunar, er brandugla eina uglan sem


verpir að staðaldri hér á landi. Hún er einfari og sést helst í ljósaskiptunum. Að sögn Gísla Hermannssonar, stýrimanns á Valbírni ÍS, fór uglan á milli togarana en stoppaði stutt á hverjum stað. Ekki fara frekari sögur af því hvað hún var að vilja uppi á dekki en Gísli segir að það komi fyrir að uglur sníki sér far með fiskibátum.

– asta@bb.is

GÖNGUGREININGAR



Lýður B. Skarphéðinsson
sérfræðingur í göngugreiningum
verður á ferð um landið



Íþróttahúsinu Torfnesi, Ísafirði
föstudaginn 23. og
laugardaginn 24. september

Tímamantanir í síma 5526600



ATLAS
GÖNGUGREINING

VIÐ VELJUM SKÓ EFTIR FÓTLAGI OG NIÐURSTIGI

ÚTSALA ÁRSINS! ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

HEFST FIMMTUDAGINN 15. SEPTEMBER

blómaval

HÚSASMÍÐJAN

Eru ekki með plan B

Simbahöllin á Þingeyri hefur á undanförunum þremur árum komist á kortið sem einhver besta og óvæntasti kaffistaðurinn á landinu. Ekki bara vegna þess að veitingarnar þykja með eindæmum góðar heldur hefur húsið líka verið gert upp af mikilli natni. En komið hafði til tals að rífa Simbahöllina rétt áður en þau Wouter Van Hoeymissen og Janne Kristensen keyptu húsið á 2500 krónur árið 2005. Kaffihúsið er á neðri tveimur hæðunum en sjálf búa þau í fallettri íbúð á hinum efri, ásamt sex mánada gamalli dóttur, Fríðu Kötlu. Wouter er Belgi en Janne frá Danmörku og þótt blaðamaður heyri ekki betur en að þau séu farin að tala reiprennandi íslensku ákveðum við að mætast á miðri leið og spjalla á ensku. En hvernig hófst ævintýrið í Simbahöllinni?

Wouter: „Ég kom til Íslands veturinn 2005 og vann á bóndabæjum vítt og breitt um landið. Ég smámjakaði mér hingað á Vestfirðina og þegar ég kom til Þingeyrar í apríl það ár var ég kolfallinn fyrir fegurð landsins. Ég sá aldrei fyrir mér að búa hérna en varð hinsvegar forvitinn og spenntur þegar mér var sagt að hugsanlega væri hægt að kaupa Simbahöllina af bænum fyrir lítinn pening. Ég hafði unnið við að smíða leikmyndir í nokkur ár heima í Belgíu en þær eru hinsvegar alltaf rífnar niður eftir nokkra mánuði. Því þótti mér spennandi að gera upp hús og búa til eitthvað sem fengi að standa um ókomin ár.“

Áður en Wouter keypti húsið fór hann í afdrifaríka ferð suður í höfuðborgina.

„Já, kunningjar mínir sögðu að ég yrði að fara til Reykjavíkur og upplifa Menningarnótt. Ég hafði eiginlega engan áhuga á því en druslaðist sem betur fer af stað. Á meðan ég stóð í röð framman við veitingastaðinn Sirkus í miðborginni byrjaði ég að spjalla við danska stelpu og það samtal stendur enn yfir.“

Janne brosir út í annað: „Ég hafði verið að læra bókmenntir við Kaupmannahafnarháskóla og ákvað að fara í skiptinám á Íslandi, aðallega til að læra íslensku. Á meðan við stóðum þarna í röðinni sagði Wouter mér að hann væri á leið á Vestfirði daginn eftir og spurði hvort ég kæmi ekki bara með. Hann ætlaði jafnvel að kaupa hús. Auðvitað sló ég til. Þegar við vorum komin vestur fylgdi ég Wouter á fund bæjarstjórans til að ganga frá kaupum á húsinu og endaði reynd-

ar á að borga það, þessar 2500 krónur sem það kostaði, því Wouter var ekki með neitt reiðufé á sér. En þótt húsið hafi fengist svona ódýrt sagði í kaupsamningnum að við yrðum að vera búnin að gera það upp að utanverðu á innan við þremur árum.“

Smá fluttu á Þingeyri

Næstu ár fóru í að gera upp húsið og þau Wouter og Janne eyddu sífellt meiri tíma á Þingeyri.

„Þegar við keyptum Simbahöllina hafði engin starfsemi verið í húsinu í nokkur ár. Járnið utan á því var illa ryðgað og gluggar brotnir og reyndar hafði komið til tals hjá Ísafjarðarbæ að rífa það. En sem betur fer kom ekki til þess. Því burðarverkið og húsið sjálft reyndist í ágætu ásigkomulagi. Það var þó talsverð vinna að standsetja það. Ég var aðallega einn í þessu til að byrja með því Janne var enn að klára námið í Kaupmannahöfn. Á milli þess sem ég skipti um þak, glugga og bárujárn stökk ég heim til Brussel í tilfallandi verkefni til að ná í pening fyrir endurbótunum. Við fengum líka smá styrk frá Húsafriðunarnefnd sem kom sér auðvitað vel.“

Janne: „Í byrjum vissum við ekki hvað við ætluðum að gera við húsið. En þegar við hreinsuðum út úr því og gamla afgreiðsluborðið í miðju þess kom í ljós fór hugmyndin að kaffihúsi að mótast. Smám saman áttuðum við okkur á að saga hússins er merkileg. Hér var rekin nýlendu-vöruverslunin Sigmundarbúð frá 1915 og fram á áttunda áratuginn og húsið dregur gælunafn sitt af henni. Síðar var hér raftækjaverslun og myndbandaleiga og nokkrar senur í myndinni Nói Albínói voru teknar upp í húsinu. Bæjarbúar eiga því margar minningar tengdar Simbahöllinni og okkur langaði til að opna hana fyrir þeim aftur. Og kaffihús varð niðurstaðan.“

Wouter bætir við: „Við sáum alltaf mikla möguleika í Þingeyri því náttúran hér í kring er stórkostleg. Þó var aldrei ætlunin að setjast hér að. En við eyddum stöðugt meiri tíma við að gera upp húsið og dvöldum sífellt lengur á Þingeyri. Smám saman rann upp fyrir okkur að þótt þú eigir í nokkur hús að venda áttu bara eitt heimili. Sífellt fleiri persónulegir munir tíndust inn í húsið, allt í einu áttum við hund og stuttu síðar nokkra hesta. Áður en við vissum af var Simbahöllin

orðin heimili okkar.“

Forvitni og vöflur

Wouter og Janne tókst loks að opna kaffihúsið vorið 2009 en litlu mátti muna. Wouter: „Stuttu áður áður en við hófum rekstur kom hingað maður frá Heilbrigðiseftirlitinu til að taka út aðstöðuna og hristi bara hausinn þegar við sögðumst ætla að opna eftir nokkrar vikur. Við kunnum lítið á veitingarekstur og vorum enn að átta okkur á íslensku reglugerðunum þar sem til dæmis segir að á veitingahúsum skuli vera uppvottavél og sérstakt salerni fyrir starfsfólk. Þetta hafðist þó á endanum og við fengum bráðabirgðarleyfi fyrir eina hæð fyrsta sumarið. Veturinn á eftir fórum við svo í að klára eldhúsið og kjallarann og fylgja reglugerðum í þaula.“

Hvernig tóku Þingeyringar ykkur?

Janne: „Einhverju eftir að við hófum endurbætur á húsinu buðum við heimamönnum í kaffi og vöflur og ég held að nánast allir í þorpinu hafi mætt. Fólk var auðvitað forvitið um hvað þessi Belgi og Dani hygðust fyrir með húsið og einhverjir höfðu áhyggjur af að það yrði flutt. En þegar við höfðum útskýrt fyrirætlanir okkar held ég að allir hafi verið í rónni.“

Wouter: „Í smáþorpunum í Belgíu hittist fólk gjarnan á kaffihúsinu til að ræða málin en menningin er öðruvísi hér. Við eigum auðvitað nokkra fastakúnna hérna á Þingeyri en þorpsbúarnir koma mest til okkar þegar þeir eru að hafa ofan af fyrir sínum eigin gestum og sýna þeim þá kaffihúsið. Þess á milli kys fólk hér að drekka kaffið sitt heima í eldhúsi og það skiljum við mjög vel. Fyrir vikið erum við meira í að þjónusta ferðamenn sem eiga leið í gegnum þorpið heldur en að vera sá samkomustaður þorpsbúa sem við sáum fyrir okkur í upphafi. Við erum mjög tilbúin til að hafa opið allt árið en auðvitað verður áhuginn að vera fyrir hendi.“

Hvort fáið þið meira af Íslendingum eða útlendingum inn á kaffihúsið?

Wouter: „Í raun má segja að kreppan hafi spilað með okkur. Þegar hún skall á byrjuðu Íslendingar að ferðast meira innanlands og fyrstu tvö árin fengum við mikið af gestum sem voru að uppgötva eða enduruppgötva Vestfirði. Þetta virðist reyndar vera að breytast aftur því í sumar

voru útlenskir gestir í meirihluta og sá hópur stækkar enn. Hátt bensínverð virðist hafa gert að verkum að Íslendingum fækkaði aftur í sumar og eins hafði kuldinn í júní áhrif.“

Janne bætir við: „Íslendingar stjórna mjög mikið af veðrinu. Ef það er gott keyrir fólk frá Ísafirði, fer í sund og kikir svo til okkar. Ef það er rigning halda þeir sig heima fyrir.“

Ég hef heyrt að belgíska vöflujárnið í Simbahöllinni búi yfir segulkrafti sem nái jafnvel í aðra landshluta.

Janne brosir: „Já, vöflujárnið hefur mikið aðdráttarafl. Íslendingar eru vitlausir í vöflur og eðlilega mjög tilbúnir í að prófa eitthvað tilbrigði við íslensku ömmuvöfluna. En útlendingarnir sem hingað koma kvarta líka mikið yfir því að í þorpunum sé alltaf það sama á boðstólnum, hamborgarar, pulsar og pítsur og verða fegnir þegar þeir sjá að hér er fleira á matseðlinum.“

Skrytnar áherslur

Á síðasta ári lentu Vestfirðir á lista ferðaútgáfunnar Lonely Planet yfir áhugaverðustu ferðamannastaði heims. Finnst ykkur ferðamannaíðnaðurinn á svæðinu hafa tekið breytingum síðan þið komuð hingað fyrst?

Wouter: „Við urðum ekki sérstaklega vör við að þessi meðmáli Lonely Planet hefðu áhrif. Hinsvegar hafa útlendingarnir sem koma við oft frétt af okkur af afspurn, á bloggi eða Facebook. Til dæmis virðist einhver hafa sagt eitthvað gott á ísraelskri vefsíðu því við fáum hingað ótrúlegan fjölda af forvitnum Ísraelsmönnum. Ég man að þegar ég kom hingað 2005 fannst mér lítið sem ekkert að gerast hér í ferðamannajónustu. Þetta hefur breyst. Aðilum sem þjónusta ferðamenn hefur fjölgað og fólk er farið að líta á ferðamannajónustu sem alvöru atvinnugrein. Hinsvegar finnst mér enn skorta á stuðning við þessa aðila frá stofnunum eins og Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og Nýsköpunarmiðstöð. Þær virðast meira gefnar fyrir að styrkja stór fyrirtæki við að koma nýjum hugmyndum af stað. Nú er ég ekki að segja að það eigi að styrkja öll smá fyrirtæki, það er sjálfsagt að fólk þurfi að hafa fyrir hlutunum á meðan það er að koma sér af stað, en þegar það lítur út fyrir að fólk sé á réttri leið og að ná þangað sem það ætlar sér, mættu þessar stofnanir styðja betur við það.“

Janne: „Hér á svæðinu eru mörg vel rekin einkafyrirtæki í ferðamannajónustu og við finnum fyrir miklu meiri jákvæðum áhrifum frá þeim heldur en þeim opinberu aðilum sem við vonuðumst til að finna meira fyrir.“

Wouter: „Ég geri mér grein fyrir að Ísafjarðarbær er ekki í aðstöðu til að setja pening í hvað sem er, enda ættu þeir ekki að gera það. Þó velti ég stundum fyrir mér áherslum þeirra í samhengi við þá staðreynd að hér á svæðinu er fullt af fólki að byggja upp ferðamannajónustu. Til dæmis fannst mér skrytið þegar ákveðið var að skera niður sumarátætlun strætisvagna Ísafjarðarbæjar. Þetta gerði ferðamönnum auðvitað mun erfiðara fyrir að fara um svæðið. Sjálf misstum fullt af viðskiptum vegna þess að það var ómögulegt fyrir ferðamenn að komast samdægurs frá Ísafirði til Þingeyrar og til baka með almenningssamgöngum. Ferðamannaíðnaðurinn aflar mjög mikilla tekna á svæðinu og yfirvöld ættu að hafa ákvörðunum sínum í samræmi við það.“

Hvernig viljið þið sjá svæðið og ferðamannaíðnaðinn þróast í framtíðinni?

Wouter: „Fyrst og fremst þarf að vanda til verka og hugsan hlutina í gegn. Þá er ég að tala um bæði þá sem eru að byrja með ferðamannajónustu og opinbera aðila. Til dæmis bendi ég á Víkinga-svæðið hér á Þingeyri. Líklega hefðu allir sem að því komu mátt reyna að sjá skýrar fyrir sér í upphafi hvað átti að verða úr þessu. Og hér sitjum við í þorpi sem byggðist upp á fiskveiðum en tímarnir hafa breyst. Því þurfa íbúarnir líka að spyrja sig blákalt hver tilgangur þorpsins er og jafnvel endurhugsan hver hann á að vera. Ekki bara útrá ferðamannaíðnaðinum, enda mun hann aldrei halda öllu þorpinu gangandi, frekar en fiskurinn. Það eina sem hefur ekki breyst er að það er enn gott að búa hérna. Og það er alveg hægt að ná í fólk út á það. Aftur á móti verða yfirvöld að passa að lífsgæðin hér tapist ekki. Þegar ungt barnafólk eins og við heyrir af hugmyndum um að skera niður við skólann, spítalann eða öldrunarheimilið fer það að hugsa sinn gang. Slíkar aðgerðir eru ekki bara sárar í núinu heldur líka aðför að framtíðinni. Ég myndi vilja sjá samfélögin hér á svæðinu verða flóknari. Háskóla-setrið á Ísafirði er frábært mál. Ekki bara út af námsleiðunum í boði heldur líka vegna andrúms-





loftsins og spennunnar sem hann býr til.“

Janne: „Það er fullt af fólki í heiminum sem þráir einfaldara líf og þau gæði sem hér bjóðast, enda orðið hræðilegt að búa í sumum borgum. Þar ertu bara einn í viðbót á meðan maður finnur fljótt hér að maður getur látið til sín taka og haft áhrif á samfélagið“

Wouter: „Um daginn kom hingað strákur með brimbretti og uppgötvaði að öldurnar hér eru með því besta sem gerist. Nú er menn að velta vöngum yfir hvort ekki megi gera út á þetta. Náttúran hér allt í kring er óviðjafnanleg. Og hvar annarsstaðar færðu hús á 2500 krónur? Það er fullt af tækifærum hérna. Fólki þarf bara að koma auga á þau.“

Vinnuaðstaða fyrir listamenn

Síðasta vor bættu Wouter og Janne hesta- og fjallahjólaleigu við kaffihúsareksturinn.

Wouter: „Við förum varlega af stað. Hingað kemur mikið af fólki sem ekki hefur prófað íslenska hestinn áður og þótt hann sé skemmtilegur er hann líka með svolítið skap. Hingað til höfum við því aðallega verið að prófa okkur áfram með styttri ferðir. Í framtíðinni sjáum við fyrir okkur

að bjóða upp á reiðtúra um Svalvoga sem okkur finnst ekki síður magnaður staður en Hornstrandir.“

Og það er fleira í pípunum hjá þessu framkvæmdasama pari á Þingeyri.

Wouter: „Okkur langar að reyna að ná fleira fólki hingað yfir veturinn og eitt af því sem við erum að bræða með okkur er gesta- og vinnuaðstaða fyrir listamenn. Þeim fylgja frumlegar og skemmtilegar hugmyndir sem kannski gætu orðið að einhverju í þorpinu. Til dæmis dettur kannski einhverjum í hug að búa til skúlpúr, sem síðar dregur að sér fólki sem tekur af honum myndir, þar fara kannski inn á Netið og vekja forvitni annars fólks út í heimi og löngum til að heimsækja staðinn. Líf kallar á meira líf.“

Janne: „Nú í september koma hingað átta listamenn sem ætla að vinna hér í þorpinu í nokkra daga. Hugmyndin er að virkja þorpsbúa til samvinnu við þá. Við viljum ekki að listamenn komi hingað og loki sig inni í herbergi heldur blandist samfélaginu og skilji eitthvað eftir sig. Dvöl þessa átta manna hóps verður ágætur prófsteinn á það sem við erum velta fyrir okkur.“

Brussel-Köben-Þingeyri

Hvernig leggjast veturnir hér

á Vestfjörðum í ykkur?

Janne: „Það hefur verið brjáláð að gera hjá okkur síðustu sumur og því finnst okkur mjög gott að taka frí á haustin. Þá förum við til Belgíu eða Danmörku og heimsækjum ættingja og vini.“

Wouter: „Mér finnst nauðsynlegt að fara í burtu í tvo mánuði á ári. Stundum er ég orðinn þreyttur á fábreytninni í þorpinu rétt áður en ég fer. En yfirleitt líður ekki nema mánuður úti þar til ég farið að spyrja mig hvernig fólki ég sit fastur í einhverri umferðar-teppunni. Þá byrja ég að sakna Þingeyrar og vil komast til baka. Það er auðvitað flint að blanda þessu tvennu saman en mjög dýrt, enda hálfgerður lúxus. Vonandi getum við þó haldið þessu flakki áfram þar sem við erum nú bundin sterkum tengslum við þrjú lönd.“

Janne: „Við erum reyndar sífellt meira hér á Íslandi. Þótt kaffihúsið sé bara opið í nokkra mánuði á ári er reksturinn alltaf að verða umsvifameiri. Auk þess sem við erum komin með barn, fullt af hestum og hund.“

En hvað gerið þegar þið á veturna þegar þið eruð ekki föst í umferðarteppu á meginlandinu eða að reka kaffihúsið?

Janne: „Ég tek stundum þátt í kvöldum þrjónaklúbbsins hér á Þingeyri og hef einhverveginn

alltaf nóg að gera. Við fáum líka vini og fjölskyldu í heimsóknir til okkar hingað á Þingeyri.“

Wouter: „Ég hef engan áhuga á fótbolta eða póker og eyði því miklum tíma í hesthúsinu.“

Sitja Belginn og Daninn enn á kvöldin og furða sig yfir Íslandi - eða eruð þið orðin vön því?

Janne: „Ég nýt náttúrunnar hérna sem aldrei fyrr og vona að ég venjist henni aldrei. Enda virðist hún síbreytileg fyrir augunum á manni. Annað hefur vanist vel, til dæmis tempóið og það mikla rými sem maður hefur fyrir sjálfan sig. Ég viðurkenni þó alveg að stundum á ég erfitt með að trúa því að ég búi hérna frekar en í Danmörku þar sem allt kerfið virkar mjög vel. En þar var ég búin að eyða sex árum í háskóla og var farið að langa að komast út í lífið og takast á við eitthvað. Auk þess sem það er frábært að ala upp barn hérna. Enda erum við ekki með plan B.“

Wouter: „Ég var alltaf of eirðarlaus til að mennta mig eitthvað en ég hef lært margt af því að koma hingað og upplifa annan kúltúr. Fyrir það fyrsta að stilla sig við takt smáþorpsins, læra að slaka aðeins á og viðurkenna að góðir hlutir gerast hægt. Þótt ég sé kannski ekki búinn að ná fullkomnum tökum á þessu líður mér eins og ég sé meira við stjórnvöllinn hér en í einhverri borginni

þar sem stöðugt er verið að mata mann á skilaboðum. Þótt hérna sé færra í boði getur það reynst mjög gefandi því fyrir vikið þarf maður að bjarga sér og oft gera eitthvað sem maður hefur ekki gert áður.

Janne: „Til dæmis baka ég allt fyrir kaffihúsið. Ég þykist reyndar ágætlega flink í eldhúsinu og það hefur verið mjög gaman. En líklega gerði maður hlutina ekki svona í Danmörku eða Belgíu þar sem fólk þar helst að hafa prófgráðu í því sem það fæst við og stendur alltaf á öxlunum á einhverjum meisturum. Þar hefðum við þurft að ráða bakara og fylgja hefðinni en hér eru dönsku kökurnar mínar þakklátt framtak.“

Kvöldmyrkrið hefur lagst á stofugluggana og sprittkertin á borðinu eru að lognast út af. Blaðamaður spyr að lokum hvernig hafi gengið að læra íslensku.

Janne: „Ég hafði auðvitað lært eitthvað í háskólanum en kaffihúsið hefur reynst lang besti kennarinn. Þar þarf maður að geta bjargað sér á íslensku.“

Wouter glottir og bætir við: „Við getum allvega tjáð okkur um flest allt sem viðkemur hestum, kaffihúsum, vöflum og uppgerð gamalla húsa.“

– Huldur Breiðfjörð.

Hægt að ná jafnvægi í búsetuskilyrðum

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir það vera verulegt áhyggjuefni hve fólksfækkun hefur verið mikil og viðvarandi um langt skeið í mörgum sveitarfélögum á Vestfjörðum. „Okkur verður að takast að snúa þessari þróun við með markvissum og raunhæfum aðgerðum. Ég trúi því að hér geti náðst jafnvægi; sjálfbær byggð með öflugum og fjölbreyttu atvinnulífi sem rennir styrkum stöðum undir alla þá þætti sem gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða. Þær aðgerðir á Vestfjörðum sem ríkisstjórnin samþykkti í vor að ráðast í hafa að markmiði að stuðla að þessu. Þær snúa að því að bregðast við samdrætti með forgangsröðun verklegra framkvæmda hins opinbera, bregðast við alvarlegu atvinnuástandi á Flateyri, jöfnun búsetuskilyrða, aðgerðum í velferðarmálum og eflingu menntunar, rannsókna og opinberrar starfsemi,“ sagði ráðherra í ræðu sinni á fjórðungssþingi Vestfirðinga.

Þar kom fram að heildarfjárhæð til þessara aðgerða er metin um 5,4 milljarðar króna. Um 4,3 milljarðar renna til samgönguverkefna á árunum 2011–2013, um 1 milljarður til ofanflóðaverkefna árin 2012 og 2013 og um 100 milljónir króna dreifast á tólf verkefni á sviði velferðar-, mennta- og byggðamála.

„Af verkefnum sem varða ráðuneyti mitt var ráðist í átaksverkefni um tímabundin störf, einkum fyrir íbúa Flateyrar. Sett voru á fót átta mismunandi verkefni í þessu skyni og störfuðu við þau 29 manns. Búið er að verja samtals 20 milljónum króna í þetta verkefni. Átta milljónir hafa komið frá velferðarráðuneytinu, 11 milljónir frá Vinnu-
málastofnun og 2 milljónir frá Ísafjarðarbæ. Ég vil einnig segja frá því að í bígerð er að stofna til eins til tveggja annarra atvinnuskapandi verkefna þannig að fjárveitingin nýtist að fullu,“ sagði Guðbjartur.

Hann benti á að atvinnuástand er nokkuð mismunandi eftir byggðarlögum fyrir vestan. Hann vilji hins vegar halda því til haga að sé horft til atvinnuástands í einstökum landshlutum sést að staðan á Vestfjörðum er með því betra sem gerist. Í júlí í fyrra mældist atvinnuleysið 3,1%. Það er nú um 2,6% á móti 6,6% atvinnuleysi á landinu öllu að meðaltali.

Einnig fjallaði hann samstarfsverkefni um öldrunarþjónustu sem ákveðið hefur að ráðast í, en það snýr einkum að eflingunni við félagsþjónustu þar. Velferðarráðuneytið hefur tryggt 20 milljónir króna til þessa verkefnis.



Velferðarráðherra segir stærstu verkefnið á sviði velferðarmála vera samstarfsverkefni stjórnvalda og sveitarstjórna vegna áförmu um byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði og endurbyggingu hjúkrunarheimilisins í Bolungarvík sem hann vonar að muni skýrast fyrir áramót.

„Af stærri verkefnum á sviði velferðarmála er samstarfsverkefni stjórnvalda og sveitarstjórna vegna áförmu um byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði og endurbyggingu hjúkrunarheim-

ilisins hér í Bolungarvík. Hér þarf að fara vel yfir mögulega kosti varðandi uppbygginguna, fjármögnun framkvæmda og allt fyrirkomulag miðað við hvað er hagfelldast fyrir sveitarfélögin,

íbúana og einkum þá sem munu njóta þjónustunnar. Ég legg áherslu á að við lendum þessum málum sem fyrst og helst fyrir áramót,“ sagði Guðbjartur.

– thelma@bb.is

Landsbyggðin vanmetin

Einstaklingar á höfuðborgarsvæðinu fá næstum því fjórum sinnum meira afskrifað hjá fjármálastofnunum en einstaklingar úti á landi. Hjá lögadílum er munurinn enn meiri, eða átjánfaldur. Þetta kemur fram í svari Árna Páls Árnasonar, efnahags og viðskiptaráðherra, við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar þingmanns Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi um afskriftir

í fjármálakerfinu. Þar kemur fram að afskriftir hjá einstaklingum á höfuðborgarsvæðinu voru tæpir 14 milljarðar samanborið við 3 milljarða hjá einstaklingum á landsbyggðinni. Hjá lögadílum á höfuðborgarsvæðinu voru afskrifaðir rúmir 440 milljarðar samanborið við 24 milljarða á landsbyggðinni.

Einar Kristinn segir í samtali við ruv.is að menn hafi vanmetið getu landsbyggðarinnar. „Það er,

að mínu mati, ríkjandi tortryggni hjá fjármálastofnunum gagnvart lánveitingum út á landsbyggðina. Menn hafa talið að tryggingar og eignir á bak við lán út á land séu lakari en tryggingar og eignir bak við lán á höfuðborgarsvæðinu. Nú kemur það fram, og þessar tölur sýna það, að það er rangt mat,“ segir Einar Kristinn Guðfinnsson.

– asta@bb.is



Deiliskipulag fyrir Vestfjarðaveg

Hreppsnefnd Reykhólahrepps samþykkti á fundi sínum 8. september 2011 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Vestfjarðaveg.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að deiliskipulagi fyrir Vestfjarðaveg. Skipulagsuppdrættir, greinargerð og umhverfisskýrsla liggja frammi á skrifstofu Reykhólahrepps frá 15. september til 31. október 2011. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, www.reykholar.is.

Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Reykhólahrepps að Maríutröð 5a eða á netfangið skrifstofa@reykholar.is merkt „Deiliskipulag Vestfjarðavegar“.

**Reykhólar, 9. september 2011,
Skipulagsfulltrúi Reykhólahrepps.**



Íslenska sjávarútvegssýningin 2011
Smárinn, Kópavogur • September 22-24

Eini viðburðurinn sem nær til íslenska sjávarútvegsins í heild sinni

* Alþjóðlegar VIP-sendingar verða á staðnum
* Íslensku sjávarútvegsverðlaunin verða afhent í fimmta sinn þann 22. september 2011

Forðist biðraðir og sparið fé! Skráið ykkur á Netinu á www.icefish.is til þess að spara 20%!

Allt fyrir atvinnumenn í sjávarútvegi frá veiðum til vinnslu og dreifingar á fullnum afurðum

Stofningaflíll er:
• Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
• Utanríkisráðuneytið
• Samtök íbúabarns
• Fiskifélag Íslands
• Landsamband íslenskra atvögunanna
• Landsamband smáskráðinganna
• Samtök fiskerisevntúðva
• Farmanna- og fiskiannasamband Íslands
• VM - Félag veiðgjafa og máttakvinnanna
• Sjónsannasamband Íslands
• Félag atvinnurekenda
• Samtök verslunar og þjónustu
• Íslenskt atvinnuleysis-
• Fiskitætti

Nánari upplýsingar veitir Marianne Rasmussen-Coulling í síma +44 (0) 1329 825335, netfang: mrasmussen@mercatormedia.com

www.icefish.is

Samstarfsaðili um flutninga
EIMSKIP
Good choice in logistics

Alþjóðleg útgáfa
worldfishing
ONLINE

Skipuleggandi
mercatormedia
magazines events online

Opinber íslensk útgáfa
Fiskifrétir

Opinbert flugfláguflutningagöng
í höndun
ICELANDAIR

Kennsluefni um listmálara

Grunnskóli Bolungarvíkur mun í vetur útbúa kennsluverkefni um þrjá íslenska listmálara, Erró, Louisu Matthíasdóttur og Gunnellu. Eru verkefnið sniðin að yngstu börnum skólans. Um er að ræða verkefni styrkt af Comeniusaráætluninni en hún styrkir samstarfsverkefni milli skóla í Evrópu.

Verkefnið kallast List er í okkar höndum og mun skólinn hefja þátttöku núna í haust. Markmiðið er að búa til kennsluhugmyndabanka sem þátttöku skólarnir geta nýtt sér í framtíðinni. Verkefnið er til tveggja ára og lýkur vor 2013.

Kaupa hlut í Vesturferðum

Hreppsnefnd Reykhólahrepps hefur samþykkt að kaupa 100 þúsund króna hlut í ferðaskrifstofunni Vesturferðum. Þá hefur bæjarráð Bolungarvíkur samþykkt að Sjóminjasafnið Ósvör kaupi 50 þúsund króna hlut í ferðaskrifstofunni.

smáar

Til leigu er 120m² íbúð á 1. hæð að Urðarvegi 45. Leiguverð kr. 80 þús. Uppl. í síma 565 7835, 845 0031 og 691 4577.

Óska eftir stórrí íbúð eða einbýlishúsi til leigu á Ísafirði. Helst þrjú svefnherbergi. Uppl. í síma 661 6234.



Júlíus með þriðju hæstu úthlutunina

Flaggskip Hraðfrystihússins Gunnvarar, Júlíus Geirmundsson ÍS, fékk mestu aflamarki úthlutað á Vestfjörðum á fiskveiðarárinu 2011/2012 en 5.308 þorskígildistonn (þígt) komu í hlut skipsins.

Þar með er Júlíus með þriðju hæstu úthlutunina á landinu. Hvað önnur skip á Vestfjörðum varðar kom næstmest í hlut Páls Pálssonar í Hnífsdal eða rúm

3.000 þígt. Þar næst komu Þorlákur í Bolungarvík með 2.833 þígt, Núpur á Patreksfirði með 2.305 þígt og Jóhanna Gísladóttir sem gerð er út frá Þingeyri með 2.143 þígt.

Alls fá 612 skip úthlutað aflamarki á fiskveiðarárinu 2011/2012, sem hófst í gær. Þetta eru nokkru færri skip en í fyrra þegar 637 skip fengu úthlutað afla-

marki, samkvæmt upplýsingum Fiskistofu. Kaldbakur EA 1, sem gerður er út frá Akureyri, er það skip sem fær mestu úthlutað eða alls um 8.200 þorskígildistonn, sem er 2,9% af úthlutuðum þorskígildum. Næst kemur Guðmundur í Nesi, sem gerður er út frá Reykjavík, með 6.319 þorskígildistonn.

Sjávarútvegs- og landbúnaðar-

ráðherra ákvað í sumar að tillögu Hafrannsóknastofnunar að heildarafl þorsks á þessu fiskveiðarári megi verða 177 þúsund tonn eða um 10% meiri en á því fiskveiðarári sem var að ljúka. Leyfður heildarafl ísú er 45 þúsund tonn. Samkvæmt upplýsingum Fiskistofu fá nú 50 stærstu fyrirtækin úthlutað sem nemur um 84% af því aflamarki sem úthlutað er.

Kómedíuleikhúsið til Danmerkur

Kómedíuleikhúsinu á Ísafirði hefur verið boðið að sýna einleikina Strák að vestan, sem fjallar um Jón Sigurðsson og Bjarna á Fönix, sem hugsanlega hefur verið hálfbróðir Jóns, í Kaupmannahöfn. „Við vorum að fá boð frá Íslendingafélaginu í Kaupmannahöfn um að koma en það vill heiðra minningu Jóns. Við þiggjum þetta góða boð og ætlum að skella okkur strax að haustleikferð leikhússins lokinni og munum sýna í Jónshúsi fyrstu helgina í október,“ segir Elfar

Logi Hanneson leikhússtjóri. Hann segir það sérlega ánægjulegt að geta sýnt verkið um Jón í Kaupmannahöfn í ár, en 200 ár voru liðin frá fæðingu hans þann 17. júní sl.

„Ég var nú að láta mig dreyma um að geta farið með Nonna til Kaupmannahafnar, þar sem hann varði meiripart ævi sinnar, á afmælisárinu og þeir hjá Íslendingafélaginu hafa greinilega fengið hugskeyti. Elfar Logi flytur leikinn um Jón Sigurðsson en Ársæll Níelsson er leikari í

Bjarna á Fönix. Eru þeir báðir spennir fyrir því að geta sýnt leikina í Danmörku. Hver veit nema maður geti njósnað aðeins um kollegana í Danmörku og dottið niður á skemmtilega sýningu sem maður getur reynt að fá til landsins á næstu Act alone hátíð,“ segir Elfar Logi.

Er þetta fyrsta leikferð Kómedíuleikhússins til Danmerkur. „Við höfum farið tvisvar til Þýskalands og svo til Albaníu og Lúxemborgar en ekki til Danmerkur og við viljum endilega

fara sem víðast með þessa sýningu um Jón Sigurðsson og því legg ég á ráðin með að geta farið með hana víðar en nú er planað. Í leikferðinni núna förum við um alla Vestfirði og einnig á Vesturland en gaman væri að geta líka farið á höfuðborgarsvæðið í ár.“

Elvar Logi segir góða stemmningu vera fyrir leikferðinni en nánari upplýsingar um sýningarstaði og tíma er að finna á vefsíðu Kómedíuleikhússins á Ísafirði á koemdia.is.

– thelma@bb.is

Einokun og einangrun

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Þróun byggðar á Vestfjörðum og viðbrögð ríkisstjórnar, Alþingis og sveitarstjórna er afar athyglisvert skoðunarefni. Byggð á undir högg að sækja og þjökkun fólks á suðvesturhorninu er greinilega það sem tveir fyrrnefndir vilja og sennilega sveitarstjórnir á þeim slóðum. En það er ekki vilji okkar Vestfirðinga. Við viljum byggð áfram á Vestfjörðum og styrkja hana og efla með öllum ráðum. Bættar samgöngur og betri dagleg þjónusta leika þar stórt hlutverk. Er það eðli málsins samkvæmt. Íbúar vilja búa við öruggar samgöngur og góða þjónustu, helst þá sömu og annars staðar býðst, en að minnsta kosti ekki miklum mun lakari. Þetta eru eðlilegar óskir fólks. Nútíma samfélag er að sumu leyti opið og gagnsætt, þótt finna megi að því að betur mætti fara í þeim efnum hjá þeim þremur aðilum sem nefndir voru hér í upphafi.

Sjónvarp og fjölmiðlar sýna áhorfendum sínum hvernig lífinu er lifað, að minnsta kosti eins og þeir sem matreiða sýningarefnið upplifa það. Oft er sú mynd raunsönn. En fólk þarf atvinnu, húsnaði, skóla, heilbrigðisþjónustu og verslun til að lifa nútímalífi. Er þá fátt nefnt, því kröfur eru miklar. Ef fólk kemst ekki milli staða án mikillar fyrirhafnar dregur það úr búsetulöngun og vilja til að flytja sig til staðar og getur jafnframt orðið til þess að örva

löngun til brottflutnings í aðra landshluta. Fáum mun dyljast að Menntaskólinn á Ísfirði hafði mikil áhrif til góðs fyrir íbúa og auðveldaði ungu fólki götuna til náms, þótt framan af hafi góðar tekjur í fiskvinnslu og sjómennsku heillað marga. Nú er svo komið að íbúum hefur fækkað mikið og eru um sjö þúsund á Vestfjörðum öllum. Byggð á því nokkuð undir högg að sækja.

Samgöngur hafa löngum verið erfiðar og mikill vilji er af hálfu heimamanna til að bæta þar úr. Nú er orðið ljóst að ríkisstjórn vill ekki stytta leið vestur Barðastrandarsýslur. Tré og grjót eru þar ofar í forgangsröðinni en fólk og þarfir þess. Það er dapurleg forgangsröðun. Með því móti mun einangrun viðhaldið að vetri. Eins og áður hefur verið bent á hér á þessum vettvangi virðist það eiga að gerast hægt og bítandi að hér á Vestfjörðum verði einhvers konar friðland til skemmtunar og gagns fyrir fólk sem býr annars staðar, jafnvel úti í hinum stóra heimi. Þegar svo bætist við að einokunaraðilinn á mjólkurvörumarkaði, MS, sýnist á góðri leið með að leggja niður mjólkurstöðina á Ísafirði horfir illa.

Eftir stendur að einokun og einangrun af hálfu þeirra sem sitja fyrir sunnan muni ráða miklu um framhald byggðar hér. Þjónusta skerðist af báðum orsökunum með illum afleiðingum.

Sautján milljónir í vinnumarkaðsúræði

Rúmlega 17 milljónum króna var ráðstafað í vinnumarkaðsúræði á vegum Ísafjarðarbæjar og Vinnumálastofnunar í sumar. Tæplega 11 milljónum var ráðstafað í átaksverkefni. „Ísafjarðarbær réðst í ýmis átaksverkefni í sumar, einkum á Flateyri. Sérstakir fjármunir voru veittir frá ríkisstjórninni til að fara í vinnumarkaðsúræði vegna atvinnu-

ástandsins þar. Átaksverkefnin voru á ýmsum sviðum, til dæmis verkefni tengd umhverfisvernd, pakkhús var undirbúið fyrir flutning, Dellusafnið, skráning og skönnun skjala hjá bænum og skráning gagna í héraðsskjalasafninu,“ segir Guðrún Stella Gissurardóttir forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Vestfjörðum.

Rúmlega 1,3 milljónir króna fóru í starfsþjálfunarverkefni og 900 þúsund fóru í reynslu ráðninga. Um var að ræða störf hjá Ísafjarðarbæ, m.a. umönnunarstörf og störf hjá höfnum Ísafjarðarbæjar. Þá var rúmlega 4 milljónum króna ráðstafað í námsmannaúræði en Ísafjarðarbær fékk styrk til að ráða fimm námsmenn til sumarstarfa.

Áætlað er að rúmlega 4,6 milljónir verði lagðir í átaksverkefni frá ágúst og fram í desember. Sum þessara verkefna hófust í byrjun sumars og héldu áfram út sumaríð. Þá eru einstaka starfsþjálfunarverkefni sem ná yfir lengri tíma. Ennþá er eftir að klára skipulag átaksverkefna fyrir næsta vetur en ýmsar hugmyndir eru í burðarliðnum. Ráðið verður í átaksverkefni á vegum Héraðsskjalasafns Vestfjarða en það fékk sérstaka fjármuni frá ríkisstjórninni til að ráða fólk í skjalaflokkun. Þar að auki hefur Héraðsskjalasafnið sótt um að fá að ráða atvinnuleitendur í skjala-

flokkun.

„Annars eru þessi hefðbundnu vinnumarkaðsúræði í boði, eins og hin ýmsu námskeið sem Fræðslumiðstöðin býður upp á. Þá höfum við gert námssamninga við einstaklinga sem fara í fullt nám í haust. Einnig geta atvinnuleitendur gert samning við okkur um að taka allt að 9 einingar í framhaldsnámi. Við erum að gera samninga við fyrirtæki um starfsþjálfunarúræði og við erum að reyna að auka starfstengdu vinnumarkaðsúræðin. Nú biðum við eftir að Vinnumarkaðsráð fundi og akoði hverjar þarfirnar fyrir úrræði eru á Vestfjörðum.“



Jón Þór Þorleifsson.

Jón Þór ráðinn framkvæmdastjóri

Jón Þór Þorleifsson, rokkstjóri tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Edinborgarhússins á Ísafirði. Þetta er í fyrsta sinn sem framkvæmdastjóri er ráðinn við Edinborgarhúsið og segir Jón Þór starfið leggjast vel í hann. „Þetta er mjög

spennandi verkefni. Mitt hlutverk er að styðja við þá starfsemi sem þegar er í húsinu auk þess að koma með hugmyndir um hvernig nýta megi húsið enn betur. Það eru fullt af menningartengdum hlutum í gangi fyrir vestan en það má alltaf auka við fjölbreytnina,“ segir Jón Þór.

„Það eru fullt af spennandi hlutum framundan í húsinu. Meðal þess er mjög skemmtilegt hönnunarnámskeið sem kallast Komdu þessu út úr hausnum á þér, en ég bind mikla vonir við það og íbúar Ísafjarðarbæjar eiga án efa eftir taka mjög vel eftir því,“ segir Jón Þór.

Hugsanlegir vatnskaupendur á ferð

Hugsanlegir viðskiptavinir Lindarfoss ehf., sem hyggst setja á fót vatnsverksmiðju á Ísafirði, voru staddir á Ísafirði á dögunum. „Þeim leist vel á þetta, bæði með það sem þeir sáu og eins móttökurnar svo þetta lítur vel út,“ segir Birgir V. Halldórsson, framkvæmdastjóri Lindarfoss ehf. Aðspurður segir hann að ef allt gangi eftir sé hann vongóður um að hægt verði að hefja útflutning á vatni innan tíðar. „Ég get ekki fullyrt neitt um það að svo stöddu en kaupendurnir voru ánægðir svo við vonum bara hið besta,“ segir Birgir. Um er að ræða aðila frá Bandaríkjunum og Evrópu en eins

standa vonir til að markaðssvæðið verði einnig að einhverjum hluta mið austurlönd.

Ísafjarðarbær gerði seint á síðasta ári samning við Lindarfoss ehf., um vatnskaup af Ísafjarðarbæ. Samningurinn kom í stað samnings frá 7. mars 2008 um einkánýtingarétt útflutningi á vatni frá Ísafjarðarbæ. Lindarfoss ehf., er með húsnæði á leigu við Sindragötu á Ísafirði en þar var lögð sérstök vatnslögn til að anna þörfum fyrirtækisins. Samkvæmt heimildum bb.is hefur Lindarfoss í hyggju að flytja vatnið út í gámum með beinum siglingum frá Ísafirði til Evrópu. — thelma@bb.is

Umferðarmerkingum ábótavant

Umferðarmerkingum í Ísafjarðarbæ er ábótavant að mati lögreglunnar á Vestfjörðum. „Engar endurnýjarnir eða lagfæringar hafa verið gerðar á umferðarmerkingum í bænum í mörg ár, utan það að mála gangbrautir hvert ár. Finnst mér það vera bænum til vansa hvað merkingar eru orðnar gamlar, máðar og sumar hverjar skakkar og beygladur. Þess utan vantar merkingar á mjög marga staði, sem þó er búið að samþykka af bæjaryfir-

völdum,“ segir í bréfi Önundar Jónssonar, yfirlöggregluþjóns á Vestfjörðum, til bæjaryfirvalda. Önundur segir lögregluna reiðubúna að aðstoða við að lagfæra merkingar og endurskoða þær í bæjarfélaginu. Hann segist hafa fyrir mörgum árum farið um allan Ísafjarðarbæ með þáverandi bæjartæknifræðingi, Ármanni Jóhannessyni, í þeim tilgangi að fara yfir hvaða umferðarmerkingar ætti að lagfæra. Ekkert hafi orðið af þeim lagfæringum.

Sem dæmi þar sem úrbætur sem eru brýnar nefnir Önundur að umhverfi íþróttavallarins við Torfnes sé mjög illa merkt. „Lögreglan á erfitt með að halda almennt umferð gangandi á meðan á kappleikjum stendur af þeim sökum. Mikil slysahætta er vegna lagningu bifreiða á Seljalandsvegi. Ég tel mjög brýnt að allar umferðarmerkingar verði endurskoðaðar þar í kring.“

Önundur segist fagna því að Ísafjarðarbær hafi gert samstarfs-

samning við Umferðarstofu um gerð umferðaröryggisáætlunar. Í samningum felst að Ísafjarðarbær skuldbindur sig til að gera sérstaka umferðaröryggisáætlun sem miðar að auknu umferðaröryggi í sveitarfélaginu og mun í því sambandi virkja sem flesta hagsmunaaðila til þátttöku. Markmiðið með áætluninni er að auka öryggi allra íbúa og annarra sem leið eiga um sveitarfélagið. Stefnt er að fækkun óhappa og slysa í umferðinni og því að ökumenn á

bifreiðum í eigu Ísafjarðarbæjar leitist við að vera ávallt til fyrirmyndar í umferðinni. „Ég er ánægður með þetta framtak og vona að það skili okkur fram á veg með sem allra minnstum og fæstum slysum,“ segir Önundur Jónsson, yfirlöggregluþjónn.

Bæjarráð fjallaði um bréfið á síðasta fundi og vísaði því til umhverfis- og eignasviðs og umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar.

— thelma@bb.is



Skógarpröstur á flugi. Tekin í Skálavík 26. júní 2011. Það getur verið erfitt að ná góðum flugmyndum af svona litlum og snöggum fuglum. Ég fylgdist með þessum í nokkurn tíma og kom mér svo fyrir á stað sem hann flaug oft á. Eftir nokkrar tilraunir náðist loks þessi mynd.

Fuglaljósmyndun helsta áhugamálið

Bolvíkingurinn Reynir Skarsgárd hefur haft fuglaljósmyndun að aðaláhugamáli sínu síðastliðin ár. Á Flickr-síðu hans má til dæmis sjá fjölmargar fuglamyndir, en þær eru þó aðeins brot af þeim lager sem Reynir lumar á.

„Ég byrjaði eiginlega fyrst á þessu um 2005. Þá fékk ég mína fyrstu alvöru myndavél, SLR-vél frá Canon,“ útskýrir Reynir. „Ég fór ekki strax í náttúrumyndirnar eða fuglamyndir, heldur byrjaði bara að taka myndir svona í kringum mig. Ég myndaði alla viðburði í bænum og svona; sjómannadaginn, markaðsdaginn og þvíumlíkt. Svo fór maður að flækjast út í fuglamyndirnar, aðallega af því að ég hef gaman af að horfa á þá. Ég hef lengi haft gaman af því að fylgjast með þeim hérna í höfninni. Svo vatt þetta upp á sig,“ segir hann.

Það er auðvelt að gera sér í hugarlund að fuglaljósmyndun sé öllu flóknari en þegar áhuginn beinist að mannlífi og líðandi stund - í það minnsta kalli hún á frekari útbúnað. „Það er alveg rétt, það fylgir þessu alls kyns útbúnaður þegar maður er kominn alveg á kaf í þetta. Ég byrjaði á því að fá mér aðdráttarlinsu til að geta myndað fuglana betur. Hún náði 500mm, sem er nú nokkuð gott. Hún var fín, þó hún hafi ekki verið það allra besta,

og áhuginn festi sig alveg í sessi hjá mér. Ég fór að fara út með linsuna að skoða fuglana og fór þá töluvert í Skálavík. Svo skipti ég þeirri linsu út fyrir 400mm linsu fyrir um fjórum árum síðan og hana nota ég enn í dag. Hún er mun skarpri og fljótari að fókusera,“ útskýrir Reynir, sem segir áhugamálið einnig krefjast ákveðinnar þolinmæði.

„Það þýðir ekki að labba bara beint upp að fuglinum og búast við flottri mynd, þó að það geti komið fyrir að maður nái slíku. Maður þarf að hafa svolitla þolinmæði, fara hægt og rólega að þeim og læra svolítið á þá. Enda er ég búinn að læra heilmikið um fuglana með því að mynda þá; hvernig þeir haga sér, hvað þeir gera á hverjum tíma og svoleiðis,“ segir Reynir.

Reynir kveðst ekki hafa nákvæma tölu á myndunum sínum. „Þær eru orðnar ansi margar! Það sem er á Flickr er bara úrval. Ég er líka með síðu á smugmug.com, þar sem ég er líka með myndir af viðburðum og fólki. Ætli myndirnar hlaupi ekki á þúsundum,“ segir hann hugsí.

Aðspurður um hvort hann eigi sér einhvern uppáhaldsfugl eftir að hafa stundað áhugamál sitt af kappi síðustu ár segist Reynir hafa sérlega gaman af því að fylgjast með fuglunum í höfninni



í Bolungarvík.

„Þar eru bæði ritur og múkkinn, auðvitað. Það eru skemmtilegir fuglar. Þeir eru svo gæfir hérna niðri á höfn að maður getur setið rétt hjá þeim og fylgst með þeim. Það er gaman að fylgjast með múkkanum þegar hann svífur lágt yfir sjónum. Á góðviðrisdögum myndast svo mögnuð mynstur í sjónum og flottar speglanir. Það er frábært að fylgjast með því. Ég hef margoft reynt að ná góðri mynd af múkka á lágflugi yfir sjónum, með þessum speglunum. Ég komst ansi nálægt

því í sumar, en fullkomna myndin er ekki alveg komin ennþá. Ég reyni bara aftur næst þegar það kemur rólegur sólardagur,“ segir Reynir.

„Það er líka ýmislegt sem maður á eftir að ná. Ég missti af frábæru færi á fálka í Skálavík einu sinni, þar sem hann var að atast í kríunum. Ég var að basla við að ná myndavélinni upp úr töskunni. Loksins þegar mér tókst það og var að fara að taka myndir sá ég stélið á honum bara hverfa,“ segir hann. „Maður þarf að vera svolítið á tánum við þetta,

en stundum er maður líka heppinn og gengur nánast fram á myndefnið. Ég náði til dæmis skemmtilegum myndum af óðinshanapari í Skálavík í sumar. Ég var bara að ganga meðfram ánni og parið var ekki nema einn og hálfan metra frá mér. Þau voru svo róleg og skemmtileg að þau hreyfðu sig varla. Maður lagðist bara niður, mundaði myndavélina og þau nánast stilltu sér upp. Ég náði mjög flottum myndum þar,“ segir hann.

Reynir starfar við tölvuviðgerðir og ráðgjöf hjá Netheimum,

þar sem hann er titlaður „sjálfmenntaður sérfræðingur“, þó hann gangist nú ekki við því í fyrstu. „Ég er svolítil grúskari. Ég hef verið viðloðandi tölvurnar ansi lengi og grúskað mikið í því. Ég hef verið í viðgerðum og öðru slíku, svo jú, ég er sjálfærður, en ég veit ekki með sérfræðinginn. Maður kann sitt hvað fyrir sér, allavega,“ segir hann hæversklega.

Tölvugrúskið tengist ljósmynduninni líka, því þar skiptir eftirvinnsla myndanna einnig miklu máli. „Það er stór þáttur í þessu líka; það er eitt að taka mynd og annað að gera mynd. Maður þarf oft að eiga aðeins við myndirnar, þær eru ekki teknar beint úr vélinni og settar á netið,“ segir Reynir. „Þegar maður er að taka myndir af fuglum kemst maður ekki alltaf eins nálægt og maður vildi, svo það þarf stundum að klippa myndirnar aðeins niður. Svo er ýmislegur frágangur annar. Ég vil nú reyndar vinna mínar myndir sem minnst; ekki breyta litum eða klippa mikið út úr bakgrunni. Sumir gera meira af því og aðrir minna, og ég er í hópnum sem gerir minna. Ég reyni að hafa þetta sem næst því sem ég sá sjálfur,“ útskýrir hann.

Reynir segist að mestu leyti fara eftir auganu og tilfinningu í myndvinnslunni. „Maður getur lært alls kyns tækni og færni og lesið sér til um hvað „á“ að gera, skref fyrir skref. En maður notar náttúrulega aldrei nákvæmlega sömu stillingar. Þetta er bara tilfinning að miklu leyti. Það eru til ýmsar reglur um myndbyggingu, til dæmis, sem maður hefur til tilsjónar, en ég fer mest eftir auganu,“ segir hann.

Þó að lengra komnir ljósmyndarar séu gjarnan með viðlíka græjur og Reynir sjálfur segir hann ekkert því til fyrirstöðu að fólk spreyti sig á fuglaljósmyndun með minni vélar. „Ég veit um fólk sem tekur mjög finar fugla-

myndir en er bara með litla „point-and-shoot“ myndavél, eins og þær eru kallaðar. Það er ekkert mál að byrja. En þegar maður er kominn af stað og festist í þessu, þá fer maður að fíkra sig inn á þetta græjusvið. Þá fer fólk að langa í betri myndavél, betri linsu, skarpari linsu, bjartari linsu...,“ telur hann upp og hlær við. „Það er alltaf hægt að bæta við sig útbúnaði. Ég hugsa að ef ég ynni Víkingalottóið ætti ég ekkert í vandræðum með að koma því í lóg,“ segir hann brosandi.

Ljósmyndun er sem sagt ekki ódýrasta áhugamálið sem fólk getur komið sér upp. „Þetta er ekki ódýrt sport nei. Ég nota núna Canon 7D myndavél sem kostar um það bil 300 þúsund. Linsan kostar svo í kringum 270 þúsund. Og það er nú bara með ódýrari góðum linsum. Ef fólk fer út í nýju Canon-vörurnar erum við að tala um verðbilið 5.000-13.000 dollara,“ segir hann.

Enn sem komið er birtir Reynir fuglamyndir sínar bara á netinu, en hann útilokar þó alls ekki að einhvern tími reyni hann fyrir sér í útgáfu. „Það hefur nú kraumað í mér áhugi á því að gera eitthvað þannig, en það hefur ekkert orðið úr því ennþá. Eitt árið lét ég reynar prenta jólakort með norðurljósamyndum og þau seldust alveg ágætlega. Það spurðist bara svona út og ég náði að selja fyrir kostnaði og gott betur, en síðan hef ég ekki gert meira af því. Enn hef ég ekkert gert með fuglamyndirnar. Það er svona einn af þessum hlutum sem maður kemur sér ekki að, eða veit ekki hvernig maður á að snúa sér í. En það má vel vera að það komi einhvern tíma til útgáfu,“ segir Reynir.

Nokkrar fuglamyndir Reynis birtast hér, með góðfúslegu leyfi ljósmyndarans, en þeir sem vilja sjá meira geta skoðað Flickr-síðu hans, á slóðinni flickr.com/photos/reynirsk.

– Sunna Dís Másdóttir.



Lómur á hreiðri. Tekin við Syðridalsvatn 14. maí 2011 í fuglaskoðunarferð Náttúrustofu Vestfjarða. Þessi var mjög gæfur og rólegur þegar maður nálgast hann.



Álftarpar með unga. Tekin í Skálavík 17. júní 2010. Ég hef fylgst af og til með álftarpari sem verpir reglulega í Skálavík. Í fyrra komu þau upp fimm ungum.



Rita. Tekin á Lækjarbryggju í Bolungarvík 7. maí 2011. Ritan er einn af mínum uppáhaldsfuglum og mér finnst alltaf gaman að mynda hana.



Óðinshani í Skálavík. Tekin í Skálavík 5. júní 2011. Þetta er kvenfugl sem ég gekk fram á við ána í Skálavík. Hún var þar ásamt maka sínum í mestu rólegheitum þegar ég sá þau allt í einu rétt hjá mér. Þau voru merkilega róleg, sérstaklega kvenfuglinn sem stillti sér svo vel upp fyrir mig.

Sælkeri vikunnar er Sigríður Gísladóttir á Ísafirði

Stolinn og stílfærður fiskréttur

„Ég ætla að bjóða uppá ofnbakaðan fisk, sem segja má að sé stolinn og stílfærður tók hann upphaflega uppúr þeirri góðu bók „Unga stúlkan og eldhússtörfin“ sem margir kannast við. Það má eflaust deila um hollustu hans. Hann er góður, mjög vinsæll á mínu heimili. Sem dessert langar líka að bjóða upp á bláberjaís þar sem að margir eiga bláber þessa dagana,“ segir Sigríður.

Ofnbakaður fiskur

1/2 kg. ýsu eða þorsklök, roðlaus og beinlaus

1/2 tsk. salt
1/2 tsk. pipar
Karrý magnið fer eftir smekk
1 stk. laukur
1 stk. rautt epli
2 msk. brauðmysna (rasp)
Rifinn ostur magnið fer eftir smekk hvers og eins.
Smjörlíki ca. 50 gr.

Fiskflökin eru skorin í stykki og þeim raðað í smurt eldfast mót, kryddað með salt og pipar eftir smekk, laukurinn og flisjað eplið skorið smátt og dreyft ofan á fiskinn, síðann kryddað yfir með karrýinu.

Raspinu og rifna ostininum er stráð yfir. Að síðustu er smjörlíki látið ofan á í smábitum. Steikt í ofni í um 30 mín. við meðalhita.

Bláberjaís

250 g bláber
200 g sykur
3 egg
2 pelar rjómi

Bláberin og 50 grömm af sykrinum er maukað saman í matvinnsluvél. Egg og restin af sykrinum þeytt mjög vel saman, rjóminn þeyttur og honum síðan blandað saman við eggjafroðuna,



bláberjamaukinu síðan blandað varlega saman við með sleikjuþ Passið að þetta blandist vel saman. Blöndunni er síðan helt í form, gott að hafa ísbox með

loki, síðan sett í frysti.

Ég ætla skora á þau hjónin Unu Þóru Magnúsdóttir og Hörð Högnason á Ísafirði að vera næstu sælkerar.

Kveiktu á perunni!

Nú getur þú með auðveldum hætti keypt rafmagn af Orkubúi Vestfjarða hvar sem þú ert á landinu.



Lægsta auglýsta verðskrá 1. september 2011.
Minnum á reiknivélina á www.os.is/raforkuverd.
Kynntu þér málið!



Orkubúi Vestfjarða